

Alþingi
Erindi nr. P 127, 082
komudagur 7.3.2002

Akranesi 1.mars 2002

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis

Varðandi þingsályktunartillögu um samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu
(Þskj. 55-55. mál)

Samvinna fagstétta í heilsugæslu er þegar raunin þar sem því er viðkomið. Möguleikum er reyndar misskipt einsog ýmsu öðru, þar sem þessari samvinnu verður vart fyrirkomíð nema þar sem nokkur fjöldi skjólstæðinga (2000 – 5000 manns) er á bak við stöðina. Í miklu dreifbýli verður ekki ráðið nema í hlutastörf.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er þegar gert ráð fyrir samvinnu við sjúkrahjúfálfa, iðjuþjúfálfa, fjölskyldu- og félagsráðgjafa, en þrátt fyrir lagastöðina hefur ekki gengið að ráða í störf þar sem ráðuneyti leggur ekki fjármuni í verkefnið.

Í greinargerð með frumvarpinu, sem er að því er virðist nokkuð þéttbýlismiðað, er nefnt samstarf í Hafnarfirði við skólaheilsugæslu. Þess má geta að væntanlega hefur Heilsugæslan á Akranesi verið í forgöngu um slíkt samstarf, en frá 1999 hefur verið samstarf við sálfræðinga skólaskrifstofunnar um störf í greiningarteymi barna.

Hér á Akranesi höfum við einnig ráðið til okkar iðjuþjúfálfa í hlutastöðu sem sinnir f.o.f. þörfum barna. Þá liggur fyrir að hefja aukna samvinnu við starfsfólk leikskóla um þroskamat barna sem verður mun markvissara í samstarfi. Slíkt samstarf verður áður en langt um líður vafalaust unnið landsvísu.

Auk þessa er mikilvæg samvinna heimahjúkrunar heilsugæslunnar og heimilishjúfpar félagsþjónustu sveitarfélaga.

Við erum hjartanlega sammála um að þörf er á að auka samstarf við aðrar fagstéttir bæði með því að ráða fagaðila inná stöðvarnar og/eða vinna með aðilum sem eru starfandi í öðru umhverfi.

Með ósk um gott gengi,
Reynir Þorsteinsson yfirlæknir
Heilsugæslustöðin Akranesi